



## Reglur Norðurþings um akstursþjónustu fatlaðs fólks

### 1.gr.

#### Lagagrundvöllur og markmið

Reglur þessar byggja á 29.gr.laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, sem og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr.38/2018. Akstursþjónusta fatlaðs fólks er ætluð þeim sem uppfylla það skilyrði að fötlun þeirra falli að skilgreiningu 2.gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Megintilgangur akstursþjónustu er að notendur hennar geti stundað vinnu, nám, þjálfun, notið heilbrigðisþjónustu, hæfingar og tómstunda. Ferðir vegna vinnu, þjálfunar, heilsugæslu og hæfingar ganga fyrir öðrum ferðum. Fjöldi ferða til annarra nota er háður takmörkunum og miðað við að þær séu ekki fleiri en 16 á mánuði. Miðað skal við að ferðir fyrir hvern einstaklings verði ekki fleiri en 60 í heildina á mánuði.

### 2. gr.

#### Notendur þjónustunnar

Akstursþjónusta fatlaðs fólks þjónstar notendum sem eiga lögheimili í Norðurþingi og geta ekki nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar sinnar. Umsækjandi um akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum skal uppfylla eitt eða fleiri efirfarandi skilyrða:

- Er með hreyfihömlun
- Býr við verulega sjónskerðingu eða blindu
- Er ófær um að nota almenningsfarartæki vegna annarrar fötlunar eða langvarandi veikinda.

Þeir umsækjendur sem hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu ekki njóta réttar til aksturþjónustu samkvæmt reglum þessum. Þó er heimilt að veita undanþágu frá framangreindu skilyrði vegna sérstakra aðstæðna, s.s færðar, tímabundinna veikinda, tímabundinna breytinga á þjónustubörf umsækjanda eða bilunar á bifreið umsækjanda. Reglur þessar taka ekki tillit til þeirra sem eru 67 ára og eldri nema ef einstaklingurinn hefur talist fatlaður samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr.38/2018 og notað akstursþjónustu fatlaðs fólks áður en hann náði þeim aldri á hann rétt á að halda áfram í akstursþjónustu meðan þörf krefur.

Einstaklingar sem hafa tímabundið aðsetur í Norðurþingi en eiga ekki lögheimili í sveitarfélaginu eiga kost á þjónustunni ef lögheimilissveitarfélag einstaklingsins er tilbúið að greiða kostnaðinn við akstursþjónustuna.

Heimilt er að veita undanþágu frá þessum skilyrðum skv. mati starfsfólks Félagsþjónustu Norðurþings vegna sérstakra aðstæðna.

### 3. gr.

#### Akstursþjónusta fyrir fötluð börn

Forráðamenn fatlaðra barna geta sótt um akstur samkvæmt reglum þessum fyrir börn sem falla undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr.38/2018. Vegna tómsstunda, læknisferða, sjúkráþjálfundar eða til að rjúfa félagslega einangrun. Börn yngri en 6 ára skulu ávallt vera í fylgd fullorðins einstaklings þegar þau ferðast með akstursþjónustu. Þurfi barn bílstól er það á ábyrgð foreldra að útvega hann. Reglur þessar taka ekki tillit til skólaaksturs barna í grunnskóla. Með skólaakstri er átt við allan akstur á skólatíma, þ.m.t á þeim tíma sem barn dvelst í lengdri viðveru á vegum skólans.

### 4. gr.

#### Umsókn ferðaþjónustu

Sótt er um akstursþjónustu rafrænt á heimasíðu Norðurþings eða á þar til gerðu eyðublaði. Koma skal fram ástæða umsóknar og rökstudd ósk um fjölda ferða. Í umsókn skulu koma fram almennar upplýsingar um umsækjanda, s.s fötlun, óskir um fjölda ferða og í hvaða tilgangi þær eru farnar. Allar umsóknir sem berast félagsþjónustu Norðurþings um akstursþjónustu eru afgreiddar á samráðsfundi félagsþjónustunnar. Þar er lagt mat á umsóknir, þjónustupörf og tekin ákvörðun um þjónustuna og tímalengd hennar.

Umsóknir um akstursþjónustu þeirra sem ekki geta nýtt ferðaþjónustubílinn, t.d vegna búsetu í dreifbýli eða vegna tímabundinnar dvalar í öðru sveitarfélagi eru teknar fyrir á samráðsfundi félagsþjónustu og metnar út frá þörfum hvers einstaklings. Leitast skal við að sýna sveigjanleika og tryggja fjölbreytt þjónustuframboð á sviði akstursþjónustu.

Umsækjendur fá skriflegt svar um afgreiðslu umsóknar. Ef umsókn um þjónustu er hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni.

### 5.gr.

#### Fyrirkomulag

Viðmið um ferðafjölda tekur mið af þörfum hvers og eins:

- a. Ferðir vegna atvinnu eða náms skal miða við að hver og einn notandi fái eins margar ferðir og eðlilegt má telja að sú atvinna eða nám kalli á.
- b. Ferðir á þjónustustofnanir eða aðra nauðsynlega þjónustu er veitt



- fötluðu fólki eins og þörf er á.
- c. Ferðir vegna afþreyingar eða tómstunda skulu metnar í samráði við hvern og einn og skal í öllum tilfellum meta þarfir og markmið viðkomandi einstaklings og getu hans til að ná þeim markmiðum.

Hægt er að sækja um undanþágu frá þessum viðmiðum vegna frávika og sérstakra aðstæðna sem teknar eru fyrir á samráðsfundi félagsþjónustu.

## **6. gr.**

### **Skipulag ferðaþjónustu**

Aktursþjónusta með ferlibílnum er veitt virka daga frá kl: 08:00-16:00. Á kvöldin, um helgar og aðra almenna frídaga er akstur veittur frá kl 10:00-24:00, sinnt af aðilum sem félagsþjónusta fær til verksins. Skipulag ferða og akstursáætlun bílstjóra er framkvæmd af starfsmanni félagsþjónustunnar, sem ber ábyrð á skipulagi ferða. Bílstjóri eða starfsmaður félagsþjónustunnar tekur á móti breytingum á áætluðum ferðum s.s vegna veikinda og forföll ber að tilkynna eins skjótt og auðið er. Þess skal gætt að notandi þjónustunnar sé tilbúinn til brottfarar á umsömdum tíma. Ef svo er ekki er bifreiðarstjóra heimilt að synja akstri, þó aðeins ef töfin hefur í för með sér riðlun á akstursskipulagi. Bílstjóra er einnig heimilt að synja akstri í einstökum tilvikum séu til þess ríkar ástæður vegna ástands farþega.

Við framkvæmd þjónustunnar skal farþegum sýnd tilhlýðileg virðing og sveignaleiki. Semja skal um reglubundnar ferðir við þjónustuþega en sé um óreglulegar ferðir, eða ferðir á kvöldin eða um helgar að ræða þarf alla jafna óska flutnings með dags fyrirvara.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka.

## **7. gr.**

### **Ferðir út fyrir mörk sveitarfélagsins**

Ferlibíll heldur uppi reglubundinni þjónustu á Húsavík. Þegar um akstur í dreifbýli er að ræða þarf að meta þörfina hverju sinni. Hliðsjón skal hafa af reglum Tryggingarstofnunar ríkisins um þátttöku í ferðakostnaði innanlands, í þeim tilvikum þegar greiddur er kostnaður samkvæmt kílómetragjaldi. Sé þjónustustofnun eða önnur nauðsynleg þjónusta fyrir fatlað fólk staðsett í öðru sveitarfélagi getur lögheimilis sveitarfélag kannað hvort grundvöllur sé fyrir samkomulagi milli sveitarfélaganna sem tryggja aðgang að þeirri þjónustu. Sama gildir ef notandi dvelst tímabundið í öðru sveitarfélagi. Frumskylda skv. 3.gr. laga um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir hvílir ávallt á lögheimilis sveitarfélagi einstaklingsins.



## **8. gr. Gjaldtaka**

Um gjald fyrir akstursþjónustuna vísast til gjaldskrár Norðurljósa þar að lútandi. Sérstakt gjald verður greitt fyrir akstur um helgar og á virkum dögum eftir kl. 16:00. Skal við það miðað að tekið sé gjald sem stendur undir kostnaði af launa- og eldsneyfiskostnaði.

## **9. gr. Ábyrgð**

Bílstjóri ber ábyrgð á þjónustunni gagnvart notendum hennar, frá því að þeir yfirgefa brottfararstað og þar til þeir eru komnir á áfangastað. Bílstjóra er skylt að gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum. Fyllsta öryggis skal gætt við aksturinn og viðurkenndur öryggisbúnaður notaður.

## **10. gr. Upplýsa bílstjóra**

Nauðsynlegt er að bifreiðastjóra sé kunnugt um sjúkdóma eða aðrar raskanir notanda sem gætu haft áhrif á aksturinn eða þarfnast inngripa af hálfu bifreiðarstjóra. Því ber að upplýsa starfsmann Félagsþjónustu Norðurljósa um slíkt þegar sótt er um þjónustuna. Forföll ber að tilkynna ein skjótt og auðið er.

## **11. gr. Réttur umsækjanda**

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun Félagsþjónustunnar til fjölskylduráðs Norðurljósa innan fjögurra vikna frá því að honum bárust upplýsingar um ákvörðunina. Ákvörðun fjölskylduráðs Norðurljósa má skjóta til Úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því að umsækjandi bárust upplýsingar um ákvörðun nefndarinnar.

## **12. gr. Varðveisla gagna og trúnaður**

Málgögn er varðar persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra honum tengdum, í starfi sínu, er starfsmönnum óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi

## **13. gr. Gildistaka**

Reglur þessar eru settar á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr.38/2018 sbr. leiðbeinandi reglum ráðherra síðan 22.apríl 2020.



Reglur þessar voru samþykktar á fundi Fjölskylduráðs Norðurþings 25.mars. 2019.

Endurskoðaðar á fundi fjölskylduráðs 18. febrúar 2025.

Samþykktar af sveitarstjórn Norðurþings þann 27. febrúar 2025

